

Fundargerð 34. fundar í stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar
2. apríl, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins, byggingu 946, Keflavíkurflugvelli.

Mættir: Páll Sigurjónsson, stjórnarformaður
Árni Sigfússon, varastjórnarformaður
Reynir Ólafsson, stjórnarmaður
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar
Borinn upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. Erindi frá Háskólavöllum
Tekið var fyrir erindi frá Háskólavöllum er varðar kaupsamningsgreiðslur. Stjórn tók vel í erindið og fól framkvæmdastjóra að vinna málið í samráði við fjármálaráðuneyti.
3. Háskólavellir - Gagnavarslan
Tekið var fyrir erindi vegna áhuga Gagnavörslunnar á kaupum á byggingu við Grænásbraut 720. Stjórn tók jákvætt í erindið og fól framkvæmdastjóra að útfæra nánar með vísan til kaupsamnings við Háskólavelli.
4. Kynning Ásbrúar
Stjórn samþykkti áætlun til kynningar á Ásbrú. Stjórn samþykkti jafnframt nýtt merki fyrir Kadeco.
5. Mengunarmál
Farið yfir stöðu verkefna varðandi úttektir og hreinsun á menguðum svæðum.
6. Eignir á verktakasvæði
Kynnt var úttekt sem unnin var af lögfræðistofunni Am-praxis fyrir Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar varðandi eignarhald fasteigna á svokölluðu verktakasvæði. Stjórn fól framkvæmdastjóra að ganga frá málum í samræmi við niðurstöðu úttektarinnar.
7. Önnur mál
 - a. Samstarfssamningur við Keflavíkurflugvöll ohf.
Stjórn samþykkti meginlínur samningsins og fól framkvæmdastjóra að vinna að málinu.
 - b. Detox samningar
Stjórn samþykkti leigu- og samstarfssamning við Detox ehf.
8. Næstu fundir
Næstu fundir verða haldnir 14.5 – 11.6 – 9.7 – 13.8

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Páll Sigurjónsson

Reynir Ólafsson

Reynir Ólafsson